

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð.

1. gr.

Bláskógabyggð innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 787/2025.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins skal vera sem hér segir:

Heimtaug 150 mm eða grennri	317.592 kr.
Heimtaug 151 til 200 mm	345.451 kr.
Heimtaug 201 til 250 mm	366.345 kr.

Semja þarf sérstaklega um stofngjald fráveitu á stöðum fjarri stofnlögnum holræsa, þ.e. yfir 20 metra og einnig ef um sérstakar úrlausnir fráveitumála er að ræða. Stofngjald fráveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala, grunnur 2021, í október 2025, 125,9 stig.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Fráveitugjald skal nema 0,27% af álagningarstofni þó að hámarki 200.000 kr. fyrir hverja íbúð. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurfjfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	17.426 kr.
Rotþró 6.001 lítra og stærri	3.307 kr. pr./m ³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað fimmta hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-6.000 lítra	10.455 kr.
Rotþró 6.001 lítra og stærri	2.706 kr. pr./m ³

5. gr.

Um aukahreinsun og gjald fyrir hana fer samkvæmt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði uppsveita bs., nr. 905/2024.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 10. desember 2025, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð nr. 787/2025. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinslun rotþróa í Bláskógabyggð, nr. 1760/2024.

Bláskógabyggð, 30. desember 2025.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 15. janúar 2026